



ANDRÝMI

Lífvæða og endurskilgreina torg og almenningssvæði í Reykjanesbæ með tímabundum lausnum. Svæðum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi.



Hughrif í bæ

Menningarsvið Reykjanesbæjar fékk styrk 2019 og 2020 frá Menntamálaráðuneyti sem átti að stuðla að virkni ungs fólks með einhverjum hætti.

Hughrif í bæ er skapandi framtak í Reykjanesbæ. Við stöndum fyrir viðburðum og skapandi starfi.



ANDRÝMI er í grunninn skipulagstæki og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun svæða, auka fjölbreytta notkun almennings á svæðunum og þar með auka möguleika þeirra og fá almenning, íbúa, rekstraraðila og aðra hafsmunaaðila til að sjá möguleikana sem felast í svæðinu.



Torg og önnur almenningsrými eiga að vera áhugaverðir áfangastaðir sem gera íbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau eru mikilvægur þáttur í að viðhalda mannlífi og þjónustu innan hverfis.



ANDRÝMI eru tímabundin verkefni sem hægt er að nálgast sem nokkurskonar rannsókn á viðkomandi svæði; veikleikum þess, styrkleikum og möguleikum til framtíðar þannig að hægt sé að draga lærdóm af hverju verkefni. Einn helsti kostur þess er að tækifæri er til að gera róttækar tilraunir með breytingar á svæðinu.





ANDRÝMI 2023

Markmið verkefna fyrir sumarið 2023 verður að styrkja og auðga strætóskýli og stoppistöðvar í Reykjanesbæ, en einnig eru umsækjendur hvattir til að leggja inn umsóknir fyrir smærri verkefni.

Ýmis önnur verkefni geta verið; innsetningar sem breyta notkun á svæðum, fegrun á umhverfi, markaðshald, viðburðir eða leikir.



ANDRÝMI 2023

01.01-01.03

Undirbúningur
verkefnis

Ábyrgð:
Verkefnastjóri

1

01.03-01.04

Auglýst eftir
umsækjendum

Ábyrgð:
Verkefnastjóri
Súlan

2

01.04-15.04

Unnið úr
umsóknum og
viðtöl

Ábyrgð:
Verkefnastjóri
Starfshópur

3

15.04-01.05

Samningar við
umsækjendur

Ábyrgð:
Vekefnastjóri

4

01.05-10.09

ANDRÝMI

"Verk í vinnslu"

5

10.09-01.10

Verkefnalok og
lokaskýrsla

Ábyrgð:
Verkefnastjóri

6

**Tíma- og
verkáætlun**



Heildarkostnaður verkefnis: 10.750.000.- kr.

Umsókn send í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja 9. nóvember 2022

- Ósk um styrkupphæð: 5.000.000.- kr.

Staðfest fjármagn frá Reykjanesbæ

- Launakostnaður: 550.000.- kr.
- Auglýsingakostnaður: 200.000.- kr.
- Framkvæmdakostnaður: 5.000.000.- kr.

